

## Náttúruleg kennsla

**Staðsetning:** Menningarmiðstöðin í Gerðubergi?

**Dagsetning og tími:** Klukkan 9:00-15.

**Verð:** 8.900 kr.

### Hverjum er námskeiðið ætlað?

Námskeiðið er ætlað fagaðilum, starfsfólki á leikskólum sem sinna stuðningi við börn með þroskafrávik og aðstandendum. Námskeiðið nýtist öllum en fagaðilum er sérstaklega ráðlagt að sitja námskeiðið Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik.

### Hámarksfjöldi þátttakenda

Á þessu námskeiði er hámarksfjöldi þátttakenda 30.

### Lýsing

Fjallað verður um hvað náttúruleg kennsla er og hvernig er hægt að nýta hana til að ýta undir þroska barnsins. Kynntar verða leiðir til að kenna börnum nýja færni í tjáningu og félagsfærni og draga úr óæskilegri hegðun í daglegum aðstæðum. Farið er yfir hvernig er hægt að nýta daglegar aðstæður til að skapa tækifæri til markvissrar kennslu. Þátttakendur fá í hendurnar verkfæri til að kenna barninu í daglegum aðstæðum. Jafnframt verður farið yfir hvernig er hægt að halda utan um kennsluna, skoða og skrá framfarir.

Námskeiðið byggir á fyrirlestrum, myndböndum, verkefnum og verklegum æfingum.

Að loknu námskeiði eiga þátttakendur:

- Að hafa dýpri þekkingu á náttúrulegri kennslu
- Að hafa aukna færni í notkun náttúrulegrar kennslu
- Að bera kennsl á tækifæri í daglegum aðstæðum til að ýta undir þroska, svo sem tjáningu og félagsfærni barna

Rakel Rós Auðardóttir Snæbjörnsdóttir, atferlisfræðingur,  
Herdís Ingibjörg Auðar Svansdóttir, atferlisfræðingur  
Lilja Árnadóttir, atferlisráðgjafi